



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BEHZOD

SPILAR

RAKHMANÍNOV



7. JÚNÍ 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Forleikur: 8'

Sinfónía: 40'

Píanókonsert: 35'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



FM 07 Jún 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV

Joshua Weilerstein
hljómsveitarstjóri

Behzod Abduraimov
einleikari

EFNISSKRÁ

Ludwig van Beethoven

Egmont, forleikur op. 84 (1810)

Sostenuto, ma non troppo – Allegro

Florence Price

Sinfónía nr. 1 í e-moll (1932)

Allegro non troppo

Largo, maestoso

Allegro

Presto

HLÉ

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 2 í c-moll, op. 18 (1901)


Moderato

Adagio sostenuto

Allegro scherzando

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



 @joshweilerstein

JOSHUA WEILERSTEIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bandaríski hljómveitarstjórinn Joshua Weilerstein er listrænn stjórnandi Kammerhljómveitarinnar í Lausanne auk þess sem hann er vinsæll gestastjórnandi hljómveita í Evrópu og Bandaríkjunum og hefur vakið athygli fyrir breitt og óvenjulegt verkefnaval. Á yfirstandandi tónleikaári hefur hann m.a. stýrt Fílharmóníuhljómveit BBC, Fílharmóníuhljómveitinni í Ósló, Sinfóníuhljómveitinni í Lahti og Þýsku kammerfílharmóníunni í Bremen. Þá hefur hann einnig stjórnað sinfóníuhljómveitunum í Vancouver og Milwaukee, og Melbourne-sinfóníunni í Ástralíu.

Weilerstein vakti fyrst heimsathygli þegar hann hlaut bæði fyrstu verðlaun og áhorfendaverðlaun í hinni virtu Malko-hljómveitarstjórakeppni í Kaupmannahöfn árið 2009. Í kjölfarið hefur hann átt gott samband við helstu hljómveitir Norðurlanda, til dæmis í Ósló, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, en þetta er í fyrsta sinn sem hann stjórnar á Íslandi. Hann var aðstoðarstjórnandi Fílharmóníusveitarinnar í New York um árabíl og gegndi einnig um skeið sömu stöðu hjá Fílharmóníuhljómveit Los Angeles. Árið 2017 kom hann fram í fyrsta sinn á Proms-tónleikahátíð Breska útvarpsins í Royal Albert Hall, þar sem systir hans, Alisa, lék einleik á selló með Sinfóníuhljómveit BBC. Faðir þeirra, Donald Weilerstein, var um árabíl fyrsti fiðluleikari Cleveland-kvartettsins auk þess að vera heimsþekktur fiðlukennari, og móðir þeirra Vivian er píanóleikari.



BEHZOD ABDURAIMOV

EINLEIKARI

Behzod Abduraimov er meðal fremstu píanista heims um þessar mundir og hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína. Hann er fæddur árið 1990 í Tashkent, höfuðborg Úsbekistans, og hóf píanónám fimm ára gamall. Hann fluttist til Bandaríkjanna til frekara náms árið 2007 og hlaut fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í Lundúnum 2009, aðeins 18 ára gamall. Fyrsti geisladiskur hans, hljóðritun fyrir Decca-forlagið á verkum eftir Prokofiev, Liszt og Saint-Saëns, kom út árið 2012 og hlaut afar lofsamlega dóma.

Undanfarin ár hefur Abduraimov komið fram með leiðandi hljómsveitum heims, til dæmis Fílharmoníuhljómsveitinni í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitinni í Boston og Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig. Meðal þeirra stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Valerí Gergíev, Vladimir Ashkenazy, Vladimir Jurowski og James Gaffigan. Hann kom fram á BBC Proms-hátíðinni ásamt Gergíev og Fílharmoníuhljómsveitinni í München sumarið 2016 og var honum umsvifalaust boðið aftur sumarið 2017, þar sem hann lék einmitt píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov. Í fyrra lék Abduraimov í fyrsta sinn í stóra sal Carnegie Hall og kom einnig fram með Fílharmoníuhljómsveit Los Angeles í Hollywood Bowl. Framundan eru m.a. tónleikar með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, tónleikar í Barbican-listamiðstöðinni í Lundúnum og tónleikaferð með norska sellóleikaranum Truls Mørk.

Abduraimov kemur nú til Íslands í annað sinn, en hann lék píanókonsert nr. 3 eftir Prokofiev með Osmo Vänskä í Hörpu haustið 2015 við mikinn fögnuð áheyrenda.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

EGMONT, FORLEIKUR

Eins og kunnugt er átti Ludwig van Beethoven (1770–1827) ekki farsælan feril sem óperutónskáld. Eina verk hans af þeirri gerð, *Leónóra/Fidelíó* (1805/1814), náði aldrei þeim vinsældum sem hann vonaðist eftir. Þar kom raunar margt til, meðal annars innrás franska hersins í Vínarborg skömmu fyrir frumsýningu, en í raun var Beethoven ekki óperumaður af lífi og sál. Með vaxandi heyrnarleysi átti hann örðugt með þau mannlegu samskipti sem þarf til að skapa verk þar sem ólíkar listgreinar renna saman í eina heild. Auk þess var hann þess megnugur að gæða hljóðfæratónlist dramatískara inntaki en áður hafði þekkt og þurfti í raun ekki á óperusviðinu að halda.

Þó fékkst Beethoven af og til við leikhústónlist og þá hreifst hann gjarnan af verkum sem fjölluðu um hetjur sem glíma við örlög sín. Það á til dæmis við um bæði *Coriolanus*, sem er leikrit eftir H. J. von Collin, og *Egmont* eftir Johann Wolfgang von Goethe. *Egmont*-forleikinn samdi Beethoven á árunum 1809–10 sem hluta af viðameiri leikhúsmúsík fyrir uppfærslu hirðleikhússins í Vínarborg. Goethe orti leikritið 1786 og naut það mikilla vinsælda enda yrkisefnið, frelsi og jafnrétti, ofarlega í huga manna á byltingartímum. Raunar á söguþráðurinn ýmislegt sameiginlegt með sögunni af Leónóru og Fidelíó sem heillaði Beethoven svo mjög. Leikurinn gerist á Niðurlöndum á 16. öld. Hetjan Egmont greifi leiðir Flæmingja í uppreisn gegn spænska einveldinu en er handsamaður og kastað í dýflissuna. Unnusta hans, Clärchen, reynir að bjarga honum en mistekst. Að lokum er Egmont kallaður til aftöku og gengur þangað hnarreistur í þeirri vissu að réttlætið muni sigra að lokum.

Leikhústónlist Beethovens samanstendur af forleik og náu öðrum númerum, m.a. tveimur söngvum fyrir Clärchen og glæsilegri „sigursinfóníu“ í lokin. Forleikurinn setur stemninguna fyrir það sem á eftir kemur og er í raun svipmynd af því sem í vændum er. Það voru sögur af þessum toga – um átök og örlög, hetjur og hugsjónir – sem Beethoven fórst vel að tjá í tónlist sinni. Pungt og örlagaþrungin upphafið er í f-moll, sömu tóntegund og *Appassionata*-píanósónatan og fangelsissenan í *Fidelíó*. Í kjölfarið fylgir hraður kaflí með stefnum sem eru þrungin eldmóði. Í niðurlaginu heyrst tónlist sem gefur til kynna aftöku hetjunnar, með miklum andstæðum í styrk og áferð, en því næst hljómar sigurtónlistin sem leikritinu lýkur á, og vex hratt upp í kröftugt og afgerandi *fortissimo*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Egmont-forleikurinn hljómaði á fyrstu tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, í Austurbæjarbíói í mars 1950, undir stjórn Róberts Abraham Ottóssonar. Síðan hefur hann hljómað alloft á tónleikum sveitarinnar, síðast í Hörpu haustið 2015 undir stjórn Matthews Halls. Aðrar hérlendar hljómsveitir hafa einnig tekið verkið til flutnings, til dæmis Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík árið 2005 (stj. Gunnsteinn Ólafsson) og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna 2006 (stj. Oliver Kentish). Forleikurinn var Íslendingum líka að góðu kunnur áður en Sinfóníuhljómsveit Íslands tók til starfa. Hann hljómaði til dæmis á tónleikum Filharmóníuhljómsveitarinnar í Hamborg sem Jón Leifs stjórnaði í lðnó í júní 1926, og á tónleikum Músikkúbbssins á Hótel Íslandi árið 1935. Í nóvember 1930 var sýnd í Nýja bíói á undan hefðbundnum sýningum „aukamyndin“ Egmont-forleikur Beethovens, en í henni var forleikurinn fluttur af 60 manna sinfóníuhljómsveit UFA-kvikmyndafélagsins.



FLORENCE PRICE

SINFÓNÍA NR. 1

Florence Beatrice Price (1887–1953) var brautryðjenda-tónskáld á sínum tíma en tónlist hennar lá að mestu í gleymsku um áratuga skeið. Nú á sér þó stað allnokkur vakning um Price og verk hennar og hafa á undanförunum mánuðum birst um hana greinar bæði í *The New Yorker* og *New York Times*. Hún var fyrsta svarta konan sem naut virðingar samtímamanna sinna fyrir sinfónískar tónsmíðar og verk hennar voru leikin af helstu hljómsveitum Bandaríkjanna á sinni tíð.

Price fæddist í Little Rock í Arkansas; faðirinn var tannlæknir en móðirin tónlistarkennari og hún veitti dóttur sinni fyrstu leiðsögn í tónlist. Fyrsta tónsmíð Price kom út á prenti þegar hún var aðeins 11 ára gömul, og 14 ára hóf hún nám við New England Conservatory of Music í Boston, með píanó og orgel sem aðalfag. Þar sótti hún líka tíma í tónsmíðum og kontrapunkti, og samdi sín fyrstu tónverk. Hún kvæntist lögfræðingi og þau voru búsett í Little Rock um árabíl, en eftir hrottalega múgæðisafstöku á svörtu fólki skammt frá skrifstofu eigmannsins fluttist fjölskyldan til Chicago árið 1927 og þar tók Price upp þráðinn, sótti sér frekara nám í tónsmíðum og hljómsveitarútsetningu. Hjónabandið rann sitt skeið á enda og þá stóð hún uppi sem einstæð móðir með tvær dætur; hún vann m.a. fyrir sér með því að leika undir þöglar myndir. En metnaður hennar var meiri en svo. Sama mánuð og skilnaðurinn var lögfestur hóf hún að semja sinfóníu sína nr. 1, en smíði verksins tók alls tvö ár. Árið 1932 hreppti Price Wanamaker-verðlaunin fyrir verkið, sem í kjölfarið var frumflutt af Chicago-sinfóníunni. Það var í fyrsta sinn sem tónverk eftir svarta konu var leikið af einni af helstu sinfóníuhljómsveitum heims. Price lést úr hjartaáfalli árið 1953.

Price samdi yfir 300 tónverk, meðal annars fjórar sinfóníur, kammertónlist, fjölda sönglaga, þrjá píanókonserta og tvo fiðlukonserta. Sum verka hennar voru lengi talin týnd en fundust aftur við leit á fyrrum heimili hennar árið 2009 og hafa verið hljóðrituð í kjölfarið.

Sinfónían í e-moll er eins og flest verka Price undir áhrifum frá bandarískum þjóðlögum og trúarsöngvum svartra í Suðurríkjunum. Móðernismi millistríðsáranna er víðs fjarri en áherslan fremur á breiðar, lagrænar hendingar og kraftmikinn hryn. Í fyrsta þætti má greina áhrif frá sinfóníu Dvořáks,

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta mun vera í annað sinn sem tónlist eftir Florence Price hljómar á tónleikum á Íslandi. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir lék verk eftir hana á orgeltónleikum í Hallgrímskirkju sumarið 2016.

Úr *nýja heiminum*, og varla er það nein tilviljun að bæði verkin deila sömu tóntegund. Annar þáttur er hægur og minnir á sálmalag. Seinni tveir þættirnir eru hraðir og þar er eins og dansinn taki völd. Í þriðja þætti sækir hún innblástur í Juba, líflegan dans sem upphaflega barst til Suðurríkjanna með þrælum frá Kongó. Í tónlistinni má greina ávæning af músík þjóðlagafíðlara og banjóspilara, en einnig kemur sleðaflauta við sögu og gefur sannarlega óvenjulegt yfirbragð.



SERGEJ RAKHMANÍNOV

PIÁNÓKONSERT NR. 2

Árið 1897 hafði Sergej Rakhmanínov (1873–1943) heiminn í hendi sér. Hann var tuttugu og fjögurra ára gamall og á þeim sex árum sem liðin voru frá því að hann brautskráðist með láði frá Tónlistarháskólanum í Sankti Pétursborg hafði hann getið sér orð sem einn efnilegasti ungi tónlistarmaður Rússlands, hvort sem var sem tónskáld eða píanóleikari. En í mars þetta sama ár var fyrsta sinfónía hans var frumflutt í Moskvu og tónleikarnir tókust vægast sagt hörmulega. Hljómsveitin var illa æfð og sagt var að hljómsveitarstjórinn, tónskáldið Alexander Glazúnov, hefði verið kófdrukkin þegar hann steig á pallinn. Rakhmanínov var í tónleikasalnum en laumaðist á brott áður en verkið var á enda. Gagnrýnendur létu skömmunum rigna yfir varnarlausan höfundinn; tónskáldið César Cui gaf verkinu falleinkunn og sagði það helst hafa líkst „prógrammsinfóníu um tíu plágur Egyptalands“.

Velgengni Rakhmanínovs fram til þessa gerði skellinn enn harkalegri. Nú lagðist hann í þunglyndi, kenndi sjálfum sér um allt sem úrskaiðis hafði farið og gaf tónsmíðar upp á bátinn. Vinir Rakhmanínovs áttu bágt með að horfa upp á þrautagöngu hans og þegar öll sund virtust lokuð pöntuðu þeir handa honum tíma hjá taugasálfræðingnum Nikolai Dahl, sem var sérfræðingur í dáleiðslu. Undir handleiðslu læknisins tók Rakhmanínov skjóttum framförum. Hann átti hægara með svefn, matarlystin jókst, en það sem mest var um vert – hann fékk aftur löngun til að semja tónlist. Efst í huga hans var að semja píanókonsert og hann rifjaði upp síðar að Dahl hafi endurtekið sömu setninguna aftur og aftur í meðferðinni: „Nú munt þú byrja að semja konsertinn þinn ... þú munt semja hratt og örugglega ... konsertinn verður meistaraverk.“

„Þetta var alltaf sama orðarunan,“ sagði tónskáldið síðar. „Og þótt það hljómi ótrúlega varð hún í raun til þess að hjálpa mér af stað. Ég hóf að semja konsertinn strax þetta sama sumar – hugmyndirnar bókstaflega hrönnuðust upp.“

Í desember 1900 voru annar og þriðji þáttur konsertsins frumfluttir í Moskvu, við mikinn fögnuð áheyrenda, og vorið 1901 var fyrsti þátturinn einnig fullgerður. Rakhmanínov frumflutti konsertinn í heild í nóvember sama ár og varla kemur á óvart að hann skuli hafa tileinkað verkið dr. Dahl. Tónlistin er kraftmikil og ólgandi, en um leið tregafull og angurvær. Hafi Rakhmanínov einhvern tímann tekist að sameina alla þessa eiginleika í hárréttum hlutföllum hlýtur það að vera í þessu verki, því konsertinn er vinsælastur þeirra fjögurra sem hann samdi um ævina og að líkindum mest leikni píanókonsert 20. aldarinnar.

Þó gætir Rakhmanínov þess að gefa ekki of mikið upp strax í upphafi. Konsertinn hefst ofurveikt, á brotnum hljómunum í píanóinu sem hljóma eins og upphitun fyrir það sem á eftir kemur. Þegar tregablandin laglínan heyrst fyrst er hún leikin af fiðlum meðan píanistinn bregður sér í hlutverk undirleikarans. Brátt kemst þó á jafnræði með hljómsveit og sólista sem ýmist leikur kraftmikla hljóma eða undurfagar laglínur með safaríkum undirleik. Annar kaflinn er blíður og ljóðrænn; hann hefst með stefi tréblásara sem síðan er þróað áfram í píanói og strengjum. Í lokapættinum sprettur einleikarinn fram með miklum tónstigahlaupum sem smám saman taka á sig mynd og verða að stefi. Hendingar og stef þjóta hjá í þessum tápmikla kafla; sum staldra við lengur en önnur og jafnvel tilfinningaþrungin angurværð annars þáttar snýr aftur þegar minnst varir.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sextán einleikarar hafa spreytt sig á öðrum píanókonsertri Rakhmanínovs með Sí fram til þessa. Fyrst til að leika verkið á Íslandi var Tatjana Kravtchenko í Þjóðleikhúsinu 1953. Meðal annarra einleikara má nefna Rögvald Sigurjónsson (1957, 1971 og 1979), Þorstein Gauta Sigurðsson (1978 og 1992), Cecile Licad (1986), Dmitri Alexeév (1987), Richard Simm (1997), Lukás Vondráček (2003) og Olgu Kern (2009). Síðast hljómaði konsertinn í flutningi Sí í Hörpu árið 2014 og þá lék Evgení Kissin einleikshlutverkið en Vladimir Ashkenazy stjórnaði. Þess má einnig geta að Daniil Trifonov lék konsertinn í Hörpu ásamt hljómsveitinni Fílharmoníu í október 2015.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

7. JÚNÍ 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laura Liu
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pascal La Rosa
Lin Wei
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrunð Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Júliana Elín Kjartansdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Gunnhildur Daðadóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Greta Guðnadóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Hrunð Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Vigdís Másdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júliana Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Guðný Jónasdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Martial Nardeau
Hafdis Vigfúsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir

ÓBÓ

Martin Danek
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

5:09 NET 19:30



ÓPERAN BROTHERS

Íslenska óperan sýnir óperuna *Brothers* eftir Daníel Bjarnason í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Reykjavík næstkomandi laugardag. Verkið sem fjallar um stríð, bræðralag og ástir, er byggt á samnefndri kvikmynd eftir Susanne Bier sem margir þekkja og librettóið er eftir Kerstin Perski. Óperan, sem er fyrsta ópera tónskáldsins, var frumsýnd í Árósum síðastliðið haust í Den Jyske Opera og hlaut frábærar viðtökur áheyrenda og einróma lof gagnrýnenda. *Brothers* var valið tónverk ársins í sígildri- og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaunum 2018 og Daníel Bjarnason var valinn maður ársins í íslensku tónlistarlífi. Leikstjóri uppfærslunnar er Kasper Holten sem lét nýverið af störfum sem óperustjóri Covent Garden. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

2018/2019



NÝTT STARFSÁR

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnti starfsárið 2018/2019 á dögnum og eru því gerð góð skil í veglegum ársbæklingi og á vef hljómsveitarinnar, sinfonia.is. Meðal hápunkta næsta starfsárs má nefna flutning á *Vorblóti* Stravinskíjs, sínfóníu nr. 10 eftir Mahler og *Hetjuhlómkviðu* Beethovens auk sínfónískra verka eftir Tsjaikovskíj, Shostakovítsj, Brahms og Mozart. Einleikarar og einsöngvarar á heimsmælikvarða koma fram með hljómsveitinni. Má þar til dæmis nefna söngkonuna Anne Sofie von Otter, fiðluleikarana Renaud Capuçon og Isabelle Faust, sellóleikarann Andreas Brantelid og píanóleikarana Nobu, Nikolai Lugansky, Jean-Yves Thibaudet og Richard Goode. Stjórnendur starfsársins eru margir að góðu kunnir fyrir störf sín með hljómsveitinni, m.a. Vladimir Ashkenazy, Osmo Vänskä, Petri Sakari og Daníel Bjarnason, en einnig bjóðum við velkomna stjórnendur sem eru með þeim færustu á heimsvísu eða á hraðri leið upp stjórnuhimininn, til dæmis Klaus Mäkelä, Evu Ollikainen, Bertrand de Billy og Edo de Waart. Ný íslensk tónverk hljóma á starfsárinu, m.a. fiðlukonsert Daníels Bjarnasonar og *Metacosmos* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, auk þess sem kvikmyndin *Síðasti bærinn í dalnum* verður sýnd við tónlist Jórunnar Viðar.



Áskrifendur hafa þegar fengið nýjan ársbækling í pósti. Aðrir sem vilja kynna sér starfsárið geta nálgast bæklinginn í Hörpu eða óskað eftir heimsendingu með því að senda nafn og heimilisfang á netfangið sinfonia@sinfonia.is.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD


Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

Endurnýjun og sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta er hafin á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA